

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lyfjabúd í 119
Stykkishólmi. Eptir móttöku brjefs yðar, herra landshöfðingi, dagsetts 18. 5. nóv. septbr. þ. á., hefir ráðaneytið allraþegnsamlegast lagt það til að hans hátign konunginum mætti allramildilegast þóknast að veita Málfríði Möller, ekkju eptir C. O. Möller lyfsala, leyfi til að halda áfram lyfsölu í Stykkishólmi í 10 ár frá dauða manns hennar undir stjórn forstöðumanns (provisors), er landlæknir tekur gildan, með þeim kjörum. er til eru tekin í allra hæstu einkaleyfisbrjefi 17. júlí 1865, þó svo að heimild til lyfsölnunnar falli burtu. ef hún giptist aptur. Hefur hans hátign konunginum 4. þ. m. allramildiægast þóknast að fallast á þessa tillögu ráðaneytisins.

Þetta er yður, herra landshöfðingi, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar í B. deild Stjórnartíðindanna

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungstaðfestingar á frumvarpi til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis. 120
 Með brjefi, dags. 15. sept. þ. á. hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp, er borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis, 14. sept. 1877, og hafði alþingi í sumar, er leið, samþykkt það. Jafnframt og þjer í tjeðu brjefi hafði gert athugasemdir við ýmsar af ákvörðunum frumvarpsins, hafði þjer látið í ljósi, að þjer hljóti að vísu að álita frumvarpið flýtisverk, sem hafi ýmsa ágalla, en að þjer fáið þó ekki sjed, að það sje með öllu ónýtandi, og með því að samkvæmt ummælum yðar er almennur áhugi meðal landsmanna á því að fá lögleidd ýms af aðalákvæðum frumvarps þessa, það er að segja um upptöku heimullegrar atkvæðagreiðslu, og um fjölgun kjörstaða, svo að mönnum sje gert greiðara fyrir að neyta kosningarrjettar síns, þá þykir yður isjárvert að ráða frá því, að lagt sje til að frumvarpið hljóti staðfestingu konungs.

Ráðaneytið getur nú einnig verið algerlegu sándóma óskum þeim, sem fram eru komnar um að kosningafyrirkomulaginu verði breytt, og það í aðalatriðunum í þá átt, sem frumvarp alþingis fer fram á. Þrátt fyrir það hefir ráðaneytið þó orðið að álita, að frumvarp þetta væri ekki til þess fallið, að verða að lögum; en þetta kemur einungis af því, að eptir áliti ráðaneytisins eru ýms af fyrirmælum frumvarpsins svo löguð, að þau koma í bága við þau ákvæði um kosningarrjett og kjörgengi til alþingis, sem standa í 17. og 18. gr. stjórnarskrárinna frá 5. jan. 1874. Að vísu hefur frumvarpið heldur ekki þótt laust við galla í öðrum atriðum; en enginn þeirra er svo þýðingarmikill, að það hefði getað tálmað staðfestingu þess.

Í fyrsta lagi er það ákvæði í 1. málsgrein 5. gr. frumvarpsins, er í ýmsum tilfellum veitir manni kosningarrjett, þótt hann fullnægi ekki því skilyrði, sem 17 gr. stjórnarskrárinna setur fyrir að mega neyta kosningarrjettarins, að hafa verið heimilisfastur 1 ár í kjördæminu, og fær ráðaneytið ekki betur sjed, en að þetta komi í bága við tjeð stjórnarskrárákvæði.

Því næst verður ráðaneytið að telja það ósamþýðanlegt 18. gr. stjórnar-

120 skrárinnar, að gjöra það að kjörgengisskilyrði, að greidd sje af hendi fjárupp-
12. nóv hæð, einsog ákveðið er í 23. gr. lagafrumvarpsins, enda hefur yður þótt þetta athugasvert.

Þá er loksins ákvörðunin í 2. málsgrein 59. gr. frumvarpsins, um það, að þeim manni, er atkvæði greiðir á tveim stöðum, skuli refsað með missi kosningarrjettar við næstu kosningar, eða ef hann brýtur optar, þá með missi kosningarrjettar fyrir fullt og allt. Þetta verður að álíta gagnstætt 17. gr. stjórnarskrárinnar, því að eptir henni verður þeim einum synjað um að greiða atkvæði, sem eigi hefur óflekkað mannorð. En skyldi hitt vera tilgangurinn, að lögákveða, að athöfn sú, sem um ræðir í 2. málsgr. 59. gr., sje í sjálfri sjer nægileg til að svipta mann óflekkuðu mannorði, þá gæti nú fyrst leikið vafi á, hvort rjettur væri til að ákveða þetta; en væri það ákveðið, þá kæmu fyrir mæli greinarinnar einmitt í bága við stjórnarskrána, því að þá verður það henni gagnstætt, að frumvarpið lætur afleiðinguna af því, að drýgja brotið í fyrsta sinn, aðeins varða missi kosningarrjettar við næstu kosningar, en lætnr brotið ekki varða missi kosningarrjettar fyrir fullt og allt, nema það sje optar drýgt en eitt skipti.

Hvað sem því efni frumvarpsins að öðru leyti líður, þá voru þessi ákvæði þess svo löguð, að ráðareytið gat eigi álitid það til þess fallid að verða að lögum, og því hefur ráðgjafinn, er hann allraþegnsamlegast bar málið undir konung, lagt það til, að frumvarpið fengi ekki staðfestingu konungs, og þessa tillögu hefur hans hátign konunginum 6. þ. m. allramildilegast þóknazt að fallast á.

Jafnframt áskildi ráðaneytið sjer að leita á sínum tíma samþykkis konungs til að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp sama efnis, sem það er hjer ræðir um, þar sem úr verði felld ákvæði þau, er áður er á vikið að komi í bága við stjórnarskrána, og þá jafnframt lagaðir aðrir gallar, er nú voru á.

Þetta skal yður tjáð til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það í B deild Stjórnartíðin þanna ásamt brjefi yðar, því er áður er á vikið.

Brjef landshöfðingja.

Á alþingi því, sem í ár var kvatt til aukasetu, var borið upp af þingmanna hálfu frumvarp til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. Þessu frumvarpi veitti þingið þá meðferð, sem lög gera ráð fyrir, og samþykkti það svo. Því leyfi jeg mjer nú að senda lög þessi, eins og alþingi gekk frá þeim, og jafnframt danska þýðing þeirra.

Lögum þessum er ætlað að koma í stað kosningalaganna 14. sept. 1877, nema hvað 18. og 37. gr. þeirra er ætlað að haldast. Það verulegasta, sem nýtt er í lögum þessum, er það, sem hjer skal greina:

1. Að atkvæðagreiðsla á að vera heimulleg.
2. Að kosning á að fara fram í hverju sveitarfjelagi (hreppi og kaupstað) í hverju kjördæmi, en við þetta verður kjósendum gjört miklu hægra fyrir að neyta kosningarrjettar síns, þar sem hver kjósandi getur greitt atkvæði í sinni sveit
3. Að við almennar kosningar skuli kjördagur vera einn og sami um land allt, — og
4. Að á kjörfundunum eiga hvorki þingmannsefni nje frambjóðendur þeirra kost á

að ávarpa kjósendur, nje heldur kjósendurnir kost á að beina spurningum til þingmannsefna nje frambjóðenda. 120

Þessi nýju fyrirmæli, að minnsta kosti þau í 1. til 3. tölulið, eru nú að vísu ófað hagnafeldari, en ákvæði þau, sem nú gilda; en hins vegar eru í lögum þessum ýms þau ákvæði, sem miður eru heppileg og miður vel fluguð. Þar til má nefna ákvæðið í 19. grein þeirra, að þegar eigi hafa fleiri þingmannsefni boðið sig fram í einhverju kjördæmi, heldur en kjördæmið á þingmenn að kjósa, þá skuli engin kosning framfara, heldur skuli lýsa þingmannaefnin, sem boðizt hafa, kosin í einu hljóði, og má hjer til samanburðar vísa til kosningarlaganna dönsku frá 9. febr. f. á., 36. gr. Sama er að segja um þau fyrirmæli í 23. gr., að sjerhvert þingmannsefni skuli, jafnframt og hann býður sig, fram, greiða af hendi 50 kr. upphæð sem einskunar tryggingu, enda þótt hver maður, sem fullnægir kjör-gengisskilyrðum þeim, sem stjórnarskráin setur, virðist hafa stjórnskipulegan rjett til að freista hamingju sinnar sem þingmannsefni, án þess að leggja nokkuð fje í sölnurnar, í kjördæmi, þar sem ákveðin tala kjósenda styður kosningu hans. — Þá virðist og svo sem sá eptirlitsrjettur við kosningarathöfnina, sem þingmannaefnum er veittur, ýmist sjálfum eða umbodsmönnum þeirra, sje nokkuð víðtækur, og lagaður til að vekja ótilhlýðilegt og skaðlegt vantraust á kjörstjórnunum. Sömuleiðis virðast yfir höfuð fyrirmælin um kosningarathöfnina vera allt of smásmugleg og orðlengd, en þó alls ekki laus við ónákvæmni og mótsagnir.

Þóað jeg þannig verði að álíta, að lög þau sem hjer um ræðir, sje flýtsverk, sem hafi ýmsa ágalla, fæ jeg þó ekki sjeð, að þau sje alveg ónýtandi, og með því að vissulega er mikill og almennur áhugi meðal landsmanna á því að fá lögleidda heimullega atkvæðagreiðslu, og einkum þó á því, að kjörstöðum sje fjölgað, svo að mönnum sje gert greiðara fyrir að neyta kosningarrjettar síns, þá þykir mjer ísjárvert að ráða frá því, að lagt sje til að lögin hljóti staðfestingu kouungs.

Verði lögin staðfest svo snemma, að þeim verði beitt við næstu kosningar, þá verður sjálfsagt nauðsynlegt að senda upp með fyrsta póstkípi, sem fer umhverfis land á næsta ári, atkvæðakassa þá, sem um er rætt í 28. gr. laganna.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtínu og Vestur- 121
amtínu um sveitfesti þurfalings. — Med brjefi, dagsettu 23. f. m., hafid 20. nóv.
þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Vesturlandeyja-
hreppi, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 15. marz þ. á.,
sem ákveður, að Jón nokkur Pálsson skuli talinn sveitlægur í fyrnefndum hreppi.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og frekari birtingar, að jeg verð að vera yður samdóma um að styrkur sá, sem Jón Pálsson fjekk hjá hreppsnefndinni í Villingaholtshreppi vorio 1896 geti eigi talizt löglegur sveitstyrkur, er slíta skyldi sveitfesti hans, með því að það var ljóstbæði styrkveitanda og styrkþiggjanda að styrkurinn var tenginn og þeginn, ekki beint vegna þess að Jón væri bjargþrota, heldur sem skilyrði fyrir því, að hann fengi að dvelja áfram í Vesturlandeyjahreppi, og hreppsnefndinni í þessum hreppi hlýtur eptir atvikum að hafa verið ljóst, að styrkurinn var veittur og þeginn einmitt í þessu skyni, enda virðist þetta gjört að undirlagi hennar og ráðum.

Skal því framannefndur úrskurður yðar um sveitfesti Jóns Pálssonar standa óhaggaður.